

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f., nr. 185 9. nóv. 1962.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bankinn er hlutafélag og er hlutafé hans 10 milljónir króna, en heimilt er lög-
mætum hluthafafundi að auka hlutaféð, sbr. lög nr. 31 27. apríl 1963.

2. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo og bankaráð, sem kosið er á
aðalfundi hans. Bankaráðið ræður bankastjóra, einn eða fleiri. Séu fleiri en einn
bankastjóri starfandi við bankann, eiga ákvæði reglugerðarinnar, sem varða banka-
stjóra, við þá sameiginlega.

3. gr.

1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Bankaráðið heldur reglulega fundi eigi sjaldnar en tvisvar í hverjum mánuði.
Aukafundi skal halda, þegar formaður eða meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri
telur þess þörf. Fundir bankaráðs eru lögmætir, ef þrír bankaráðsmenn sækja
fund. Sé fundur eigi fullskipaður, þarf atkvæði þriggja til gildrar ályktunar. Afl
atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum eða öðrum
lögmætum fyrirmælum. Þegar jöfn eru atkvæði, ræður atkvæði formanns. Það,
sem gerist á fundum bankaráðs, skal bókað í sérstaka gerðabók. Hver sá, sem
rétt á að sitja fundi bankaráðs, getur krafizt þess, að bókaðar séu athugasemdir
hans og ágreiningsálit.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h.f., hinn 25. maí 1963.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Sveinn B. Valfells. Sveinn Guðmundsson. Magnús Ástmarsson.

Einar Gíslason. Vigfús Sigurðsson.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um stofnun og rekstur
Iðnaðarbanka Íslands h.f., nr. 113 29. desember 1951.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 30. ágúst 1963.

Bjarni Benediktsson.

Brynjólfur Ingólfsson.